



Fréttabréf Garðasels

Mars 2020

Pema – Læsi áfram

Í mars verður áfram unnið með Læsi á fjölbreyttan hátt á deildum. Verkefni taka mið af aldri og þroska barnanna sem deildir skipuleggja hver fyrir sig.

Áfram eru foreldrar hvattir til að lesa heima með og fyrir börnin og leika sér með orð og texta, spyrja spurninga og draga ályktanir / hvað heldur þú? Þannig læra börnin best í kjöraðstæðum með foreldrum sínum eða eldri systkinum.



Vorskólinn 2020



Vorskólinn í Grundaskóla verður 23. -27. mars fyrir hádegi og þangað fara þau börn sem munu verða þar næsta skólaár.

Vorskólinn í Brekkubæjarskóla verður svo viku seinna eða 30.mars – 3.apríl fyrir hádegi og þangað fara þau börn sem munu verða þar næsta skólaár.

Börnin taka með sér hollt nesti að heiman og fá mjólk í skólanum. Mikilvægt er að börnin mæti tímanlega í leikskólann til að hópurinn geti mætt á réttum tíma í Vorskólann.

Foreldraviðtöl á öllum deildum

Foreldraviðtöl deilda verða vikurnar 16. – 27. mars n.k.

Í forstofum deilda setja umsjónarkennarar hópa upp dagasetningar og tímasetningar þegar þeir eru í undirbúningi og verður reynt að koma viðtölum barna inn á þann tíma og geta foreldrar skráð sig þar. Ef það gengur alls ekki hafa foreldrar samband við kennara. Eftir endurmat á fyrirkomulagi foreldraviðtala þá hefur komið í ljós að verulegir erfiðleikar geta verið í að setja systkini saman þar sem kennarar þurfa að fara frá starfi sínu og ekki er tryggt að starfsmaður komi í staðinn. Helsta hindrunin er þó húsnæði og rými, erfitt að finna mörg svæði á sama tíma sem hægt er að nota. Vonandi setur þetta ekki stórt strik í reikninginn fyrir foreldra.



Lögð er áhersla á að foreldrar allra barna eigi þess kost að koma í viðtal.

Könnun vegna tímabils sumarslokunar 2020



Fljótlega upp úr mánaðamótum fá foreldrar stutta rafræna könnun senda í tölvupósti en þar verður leitað eftir hentugustu tímasetningu á 4 vikna sumarlokun leikskólans sem Skóla- og frístundaráð hefur samþykkt að verði. Könnunin verður opin fram til 23. mars og eru foreldrar hvattir til að svara henni þannig að sem flestir komi að ákvörðun um tímabil lokunar. Foreldrar elstu barna þurfa í þessari könnun að skila inn tímasetningu á skólalokum elstu barnanna.

Ég er Unik

Á starfsmannafundi 17.mars verður Aðalheiður Sigurðardóttir, Ég er Unik, með fyrirlestur fyrir starfsmenn skólans um fjölbreytileika Einhverfunnar. Í fyrirlestrinum segir Aðalheiður frá ferðalagi sínu sem mamma einhverfrar stúlku og hvernig frábært samstarf við skólann varð til þess að dóttir hennar eignaðist nýtt líf.



Hlið á leikskólalóðinni

Á þriðjudaginn um kl: 16.00 er hópur barna í útivist og foreldrar að sækja börn sín. Hliðið er skilið eftir opið og lítið barn á Holti fer út fyrir lóð, út á bílastæðið og lengra áfram áður en fólk áttaði sig.

Þetta er atvik sem ekki ætti að eiga sér stað ef allir, sem koma að leikskólanum, átta sig á sameiginlegri ábyrgð að loka hliðum á lóð. Reglulega er þessi öryggisráttur nefndur en þetta gengur ekki nógu vel.

Starfsmenn eru í garðinum með hópnum en síðan hefst leit að vettlingum, húfu eða einhverju öðru og þá þurfa starfsmenn að fara inn í fataherbergi og aðstoða foreldra. Þá þurfum við að hafa vissu fyrir því að hliðin séu ávallt lokað.

Foreldrar eru vinsamlega beðnir að virða þessar tvær reglur ;

1. Þegar foreldrar koma og sækja börn sín eiga þeir og bera ábyrgð á að loka hliðum á eftir sér.
2. Ekki leyfa börnum að hlaupa á undan og opna hliðin án foreldra - börnin eiga ekki að opna hliðin sjálf.

Hjálpumst að við að tryggja öryggi allra barna hér í Garðasel! ❤️



Nýr starfsmaður

Sigríður Ylfa Arnarsdóttir kom til starfa í Garðaseli í febrúar og verður hjá okkur fram í ágúst. Ylfa er í afleysingum og fer á milli deilda eftir þörfum. Við bjóðum hana velkomna til okkar

Vinátta og góðir félagar

Eitt af gildum Vináttuverkefnisins er **Umhyggja** og skilgreinist þannig að við skulum sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samliðan og hjálpsemi. Þannig tryggjum við að öllum börnum líði vel og þeim finnist þau tilheyra hópnum á sama grundvelli og vinir þeirra og félagar. Það er okkar, hinna fullorðnu, að kenna börnunum þessi gildi í leik og starfi og gera þau þannig að góðum félögum og vinum.

Foreldrar – höfum þetta með okkur þegar verið er að bjóða börnum heim, hvort sem er í afmæli eða leik. Það sem gerist fyrir utan leikskólann hefur áhrif í barnahópnum, börnin tala saman um það sem er framundan eða þau hafa þegar gert saman.

